

## 21. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins Haldinn í Ármúla 13, föstudaginn, 4. október 2024, kl. 09.00-10.30

### Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Rannveig Grétarsdóttir

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

### Dagskrá:

- Fundargerð 11. september 2024**  
Undirrituð og samþykkt.
- Yfirlit yfir stöðu og rekstur**  
Farið yfir helstu verkefni framundan. Í vinnslu eru m.a. nýjir samningar við Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Í vinnslu eru fundir með bæjarstjórum og bæjarráðum en framkvæmdastjóri hefur nú hitt helming bæjarstjóri. Minna verður um blaðamannaferðir en áætlun gerði ráð fyrir en í staðinn hugað meira að áhrifavöldum. Undirbúningur fyrir aðalfund, Ferðamálaþing og Höfuðþing gengur vel.
- Breyting á samþykktum**  
Farið yfir tillögu að breytingum á samþykktum aftur þar sem heimilisfangi er breytt og hjáheitið Visit Reykjavík dettur út. Breyting var samþykkt og verður í framhaldinu lögð fyrir eins og samþykktir gera ráð fyrir.
- Starfs- og fjárhagsáætlun 2025**  
Samþykkt og verkefninu Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu bætt við.
- Uppfærð Áfangastaðaáætlun 2023-2025**  
Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á uppsetningu áfangastaðaáætlun og var hún samþykkt.
- Loftslagsborgarsamningur**  
Stofan mun taka þátt í Loftslagsborgarsamningi Reykjavíkurborgar fram til ársins 2023 en þáttakan felur m.a. í sér að móta aðgerðir sem draga mælanlega úr losun gróðurhúsaloftteguna og styðja við loftslagssmarkmið Reykjavíkurborgar um að verða kolefnishlutlaus 2023 ásamt því að taka þátt í árlegum samráðsfundum.
- Önnur mál**  
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.45.